

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu- og sorpeyðingargjöld í Húnavatnshreppi.

1. gr.

Sveitarstjórn Húnavatnshrepps er heimilt að leggja á árlegt sorpgjald (sorphirðu- og sorpeyðingargjald) sem innheimt skal með fasteignagjöldum.

Sorphirða fer fram samkvæmt dagatali sorphirðu ár hvert. Árið 2014 er gert ráð fyrir 19 sorphirðudögum. Einnig er móttaka sorps á gámasvæðum.

2. gr.

Gjaldið er sem hér greinir:

Íbúðir, lögbýli, íbúðarhús (660 l kör) kr. 46.500

Hver aukalosun frá íbúðum, lögbýlum og íbúðarhúsum kr. 2.500

Sumarhús: kr. 8.700

Notendur þeirra geta losað sig við sorp á gámasvæðum sveitarfélagsins.

Sorpgjald fyrirtækja:

Fyrirtæki, stofnanir og aðrir lögaðilar greiða sorphirðugjald samkvæmt áætlun um kostnað við sorphirðu frá þeim.

Sorphirðugjald: kr.

Flokkur 1 50.000

Flokkur 2 139.000

Flokkur 3 165.000

Flokkur 4 270.000

Flokkur 5 505.000

Sveitarstjórn raðar fyrirtækjum í flokka eftir eðli og umfangi þeirra.

3. gr.

Að lokinni álagningu skv. 2. gr. hafa greiðendur 30 daga frest til að gera athugasemdir við gjaldtöku Húnavatnshrepps. Athugasemdir skulu vera skriflegar og vel rökstuddar. Sveitarstjórn er heimilt að breyta gjaldtöku með tilliti til réttmætis framsettra athugasemda.

4. gr.

Gjaldskrá þessi er samþykkt af sveitarstjórn Húnavatnshrepps 22. janúar 2014, að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar Norðurlands vestra. Gjaldskráin er sett með heimild í 7. gr. samþykktar nr. 56/2008 um sorphirðu í Húnavatnshreppi og skv. ákvæði 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum. Jafnframt fellur úr gildi eldri gjaldskrá nr. 1306/2013. Gjaldskráin öðlast gildi við birtingu.

Húnavatnshreppi, 22. janúar 2014.

Jens P. Jensen sveitarstjóri.